

Alþingi
Erindi nr. P 127/342
komudagur 5.12.2001

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík



Laugavegi 103

105 Reykjavík

Ísland/Iceland

Sími/Tel.:

(354) 561 3560

Fax: 551 3567

E-mail:

feheyrn@ismennt.is

Reykjavík, 3. desember 2001

Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, 229, mál, Heyrnar- og talmeinstöð.

Stjórn Félags heyrnarusra hefur tekið til umfjöllunar frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands. Stjórnin fagnar mikilvægum breytingum á eldri lögum þar sem nú er í fyrsta sinn sérstaklega tekið fram að stofnunin skuli þjónusta heyrnarusra einstaklinga. Einnig vill stjórnin koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

Vegna greinar 37.a.3.

Félag heyrnarusra leggur áherslu á að innan fagraðsins sé fagaðilar/sérfræðingar á táknmálssviðinu, þ.e. sem hafa mikla þekkingu á mikilvægi táknmáls í máluppeldi og menntun heyrnarusra og heyrnarskertra barna. Einnig sé það tryggt að annar fulltrúi notenda þjónustunnar komi frá Félagi heyrnarusra.

Vegna greina 37.a.4.

Félag heyrnarusra leggur á það mikla áherslu að kostnaðarhlutur notenda þjónustunnar sé hafður í lágmarki. Að mati félagsins er það grundvallaratriði að kostnaðarhlutur notenda þjónustunnar vegna hjálpartækja sé ekki hærri en svipuð tæki án sérútbúnaðar kosta almennt. Dæmi: Geti almenningur keypt sér vekjarklukkur á bilinu 1000 til 2000 krónur á vekjaraklukka með sérútbúnaði fyrir heyrnarusra ekki að vera dýrari. Grundvallarreglan er að fötlunin hafi ekki í för með sér auka útgjöld fyrir einstaklinginn. Að auki telur félagið það mjög brýnt að notendum þjónustunnar standi til boða að fá lánuð hjálpartæki, kjósi þeir svo.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags heyrnarusra

Hafdís Gísladóttir
Hafdís Gísladóttir
framkvæmdastjóri

Íslenskt **táknmál**
þú hefur það í hendi þér